

Fimmtudaginn 22. nóvember 1973.

Nr. 105/1972: **Einar Hallmundsson og**

Rúnar Guðmundsson

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Ragnari Jónatanssyni f. h. ófjárráða sonar,

Ómar Ragnarssonar, og gagnsök.

(Árni Guðjónsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,

Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Stefnan var birt gagnáfrýjanda 2. október 1972. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. október 1972. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 1.084.653.00 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hann hafði gjafsókn í héraði og hefur einnig fengið gjafvörn hér fyrir dómi með leyfi 27. febrúar 1973.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Af bréfum dr. Guðmundar Björnssonar augnlæknis frá 28. júní 1971 og 3. nóvember 1973 má ráða, að læknirinn telji slysið hafa getað orsakast með þeim hætti, að járnteinn hafi rekizt í opið augað og sprengt það, án þess að um frekari áverka hafi verið að ræða.

Samkvæmt því, sem greinir í héraðsdómi, þykir mega fallast á, að drengurinn Ómar Ragnarsson hafi hlotið áverkann á augað af járnteini, sem staðið hafi upp úr sökkulvegg. Mikil

hætta stafaði af járnteinunum. Framkvæmdir í grunninum höfðu að mestu stöðvazt haustið 1965, en slysið varð hinn 5. febrúar 1966.

Aðaláfrýjendur gerðu engar ráðstafanir til að draga úr hættunni, t. d. með því að beygja teinana út af, og alveg létu þeir undir höfðu leggjast að setja upp varúðarmerki. Að svo vöxnu máli og þegar litið er til ógætni drengsins, sem var 9 ára, þykir rétt, að aðaláfrýjendur bæti tjón af slysinu að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur enn samið nýjan tjónsreikning, dags. 26. marz 1973, og hefur hann verið lagður fram í Hæstarétti. Vegna breytinga á kaupgjaldi, sem orðið hafa frá síðasta tjónsreikningi, og með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem nú séu fyrir hendi um tekjur kvæntra verkamanna og iðnaðarmanna á árunum 1962—1971, reiknar tryggingafræðingurinn verðmæti tapaðra vinnutekna gagnáfrýjanda á slysdegi kr. 1.097.092.00, ef miðað sé við tekjur verkamanna, en kr. 1.069.135.00, séu tekjur iðnaðarmanna lagðar til grundvallar.

Kröfur gagnáfrýjanda eru sundurliðaðar í héraðsdómi. Þykir örorkutjón hans hæfilega ákveðið kr. 650.000.00, og er þá m. a. haft í huga, að líkindareikningar tryggingafræðingsins eru miðaðir við 7% ársvexti. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um kröfuliði 2—4.

Úrslit málsins verða því þau, að aðaláfrýjendum ber óskipt að bæta gagnáfrýjanda kr. 772.700.00 (650.000.00 + 120.000.00 + 2.700.00) að $\frac{2}{3}$ hlutum, þ. e. kr. 515.133.30 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1966 til greiðsludags. Þá greiði aðaláfrýjendur óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 160.000.00 og renni í rikissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmans, samtals kr. 150.000.00.

Málið var dómtekið að loknum málflutningi 30. júní 1971 og síðan endurupptekið til munnlegs málflutnings hinn 10. marz 1972, þar sem héraðsdómari kveður sér eigi hafa unn-

izt tími til að leggja dóm á það. Er þessi dráttur á málinu aðfinnsluverður.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur, Einar Hallmundsson og Rúnar Guðmundsson, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Ragnari Jónatanssyni f. h. ófjárráða sonar, Ómars Ragnarssonar, kr. 515.133.30 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1966 til greiðsludags.

Þá greiði og aðaláfrýjendur óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 160.000.00, sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 150.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 27. marz 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. marz 1968 af Ragnari Jónatanssyni, Löngubrekku 39, Kópavogi, f. h. ófjárráða sonar síns, Ómars að nafni, á hendur Einari Hallmundssyni, Þinghólsbraut 43, Kópavogi, og Rúnari Guðmundssyni, Grænuhlíð 19, Reykjavík, in solidum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 573.614.00 með 8% ársvöxtum frá 5. febrúar 1966 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar eftir mati réttarins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefnanda var veitt gjafsókn með bréfi dómsmálaráðuneytisins 20. febrúar 1968.

Við munnlegan flutnings málsins breytti stefnandi með samþykki stefnda kröfugerð sinni til hækkunar þannig, að hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.084.653.00 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1966 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar eftir mati réttarins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og jafnframt að lögmanni sínum verði dæmd hæfileg talsmannslaun úr ríkissjóði.

Af hálfu stefndu er krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum

stefnanda í málinu og að þeim verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu eða eftir mati dómsins.

Samkvæmt frásögn í stefnu eru málsatvik þau, að hinn 5. febrúar 1966, að kvöldi, var drengurinn Ómar Ragnarsson, Löngubrekku 39 í Kópavogi, fæddur 3. janúar 1957, að leik ásamt fleiri börnum í nágrenni við heimili sitt, þ. á m. léku þau sér í og við grunn hússins nr. 41 við Auðbrekku í Kópavogi, en hús þetta var þá í byggingu og eign stefndu. Steypustyrktarjárn stóðu upp úr veggjum í grunni hússins, og rakst drengurinn á eitt þeirra með þeim afleiðingum, að hæggra auga hans sprakk, og varð að nema það burt. Lögreglan í Kópavogi kom á staðinn og framkvæmdi vettvangsrannsókn, en áður en lögreglumenn fóru af vettvangi, beygðu þeir niður járnteina, er stóðu upp úr grunni hússins og hætta stafaði af.

Örorka Ómars vegna missis augans hefur verið metin 25%, og er krafa stefnanda byggð á útreikningum samkvæmt því svo og öðru tjóni, sem nánar er gerð grein fyrir í greinargerð.

Lögreglan í Kópavogi var kvödd á vettvang vegna slyssins, og segir svo í frumskýrslu, gerðri af Guðjóni Ásberg Jónssyni vara- varðstjóra:

„Laugardaginn 5. febrúar 1966, kl. 17.45, var hringt frá slökkvi- stöðinni og tilkynnt um slys í Auðbrekku 39. Undirritaður ásamt lögregluþjóni nr. 11 fór á staðinn, og kom sjúkrabifreið í sömu svifum, og var hinn slasaði, Ómar Ragnarsson, Löngubrekku 39, fæddur 3. 1. 1957, fluttur á Hvítabandið, þar sem taka varð úr honum augað vegna áverka, sem hann hafði hlotið. Móðir Ómars fór með honum í sjúkrabifreiðinni.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi skýrslum vitna, mun Ómar hafa verið að leikjum ásamt fleiri drengjum milli Auðbrekku og Löngubrekku, og benda allar líkur til, að hann hafi dottið á leið sinni yfir sökklá húss nr. 41 við Auðbrekku og lent með augað á steyputeini, sem stóð upp úr sökklum milliveggja í suð-vestur- horni hússins.

Eins og fram kemur á ljósmyndum lögregluþjóns nr. 2, Ásmund- ar Guðmundssonar, sem kallaður var á staðinn til ljósmyndunar og aðstoðaði við vettvangsrannsókn, er ofan nefndur grunnur fyllt- ur með rauðamöl jafnhátt sökklum og nagldregnu mótatimbri ver- ið kastað óreglulega inn í grunninn. Einnig hefur nokkru magni verið rakkað utan við grunninn að sunnanverðu undir háum mold- arabakka.

Upp úr sökklum á suðurhlið, og þar sem milliveggir og súlur

koma, standa þéttir steyputeinar upp úr sökklum, og eru þeir að nokkru huldir, þar sem timbrið er.

Félagar Ómars, sem með honum voru í leik, þegar slysið varð, bentu okkur á staðinn, þar sem hann hafði dottið. Lá þar skammt frá spýta, sem þeir sögðu hann hafa haft fyrir hest. Milli hennar og sökkla milliveggja hafði Ómar legið og snúið til suðurs. Hafði þar verið rótað til mölinni, og var að sjá sem sandur hefði strokizt af lausu borði, sem lá þar þvert á millivegginn. Við hlið borðsins var einn steyputeinninn sveigður 25 cm lárétt til norðurs og þar 20 sm lóðrétt. Var að sjá sem á enda hans væri frosinn vökvi og greinilegur dropi 5 cm frá oddi. Við athuguðum enda annarra teina, en þeir voru allir hreinir og þurrir að sjá. Höfðum við nefndan tein á brott með okkur og létum rannsaka, hvort blóð væri á honum. Guðmundur Erlendsson, rannsóknarlögreglumaður, framkvæmdi rannsóknina, og reyndist vökvi ekki innihalda blóð.

Við nánari athugun í björtu fundust blóðblettir á umbúðakrossvið, sem var austur af milliveggnum í stefnu fyrir hornið á honum og að stað þeim, sem vitni tóku við Ómari upp úr grunninum.

Ekki voru til staðar neins konar hindranir eða merkingar, er gæfu til kynna, að umferð væri hættuleg yfir nefnda sökkla.

Vegna mikils fjölda barna í nágrenni við slyssaðinn og til að fyrirbyggja fleiri slys stigum við steyputeinana niður, áður en við yfirgáfum staðinn.“

Mánudaginn næsta á eftir komu vitni fyrir Ingiberg Sæmundsson aðalvarðstjóra.

Gunnar Geirmundsson, Ásbraut 7, Kópavogi, og Hilmar Haraldsson, Langagerði 22, Reykjavík, skýra svo frá:

„Síðastliðinn laugardag kl. rúmlega 17 vorum við að vinna í iðnaðarhúsinu á Auðbrekku 39. Við heyrðum þá barnsgrát fyrir utan og gerðum okkur strax grein fyrir því, að eitthvað hefði komið fyrir. Fórum við þá út að athuga þetta. Sáum við þá dreng, sem var að komast út af húsgrunni nr. 41 við Auðbrekku, og virtist hann ætla þvert yfir á Löngubrekku. Við sáum, að blæddi talsvert úr andliti hans, svo að við tókum hann með okkur inn til okkar. Sáum við strax, að sár hans leit út fyrir að vera hættulegt, svo við hringdum á sjúkrabífreið. Sagði drengurinn okkur, að hann hefði dottið í grunninum, en hann virtist ekki geta gert sér grein fyrir því, á hvað hann hefði dottið.“

Drengurinn, Gissur Þór Ágústsson, Löngubrekku 30, fæddur 19. nóvember 1958, skýrir svo frá:

„Ég var að leika mér á grunninum og við hann og þrír aðrir

strákar. Við vorum í njósnaðaleik. Allt í einu sá ég, að Ómar datt framyfir sig og höfuðið niður að jörð. Hann kallaði til okkar og bað okkur að sækja mömmu sína. Ég sá líka að hann var að breiða í kringum sig og sagðist hafa týnt auganu sínu. Ég held, að hann hafi dottið á vír eða járntein, sem stóð upp úr grunninum, en ég sá það ekki sjálfur. Hann lá nokkra stund þarna og stóð svo upp, þegar menn komu úr húsi við hliðina og hjálpuðu honum. Gekk hann á móti þeim.“

Jón Pröstur Hauksson, Álfhólsvegi 31, fæddur 13. ágúst 1957, skýrir svo frá:

„Ég var að leika mér með öðrum strákum við grunninn, þar sem Ómar meiddi sig. Þegar þetta vildi til, stóð ég uppi á hól hjá grunninum og sá, þegar hann datt fram yfir sig. Kallaði hann þá til mín og bað mig að sækja mömmu sína, því hann væri búinn að týna auganu sínu. Ég fór þá strax heim til hans og sá þess vegna ekki staðinn, þar sem hann datt. Þegar ég kom til baka, var hann að fara frá mönnunum, sem hjálpuðu honum fyrst. Þegar lögregluþjónarnir komu, mundi ég, hvar staðurinn var, sem hann datt á, og vísaði ég þeim á staðinn.“

Hinn 17. febrúar, 10 dögum seinna, kemur Ómar Ragnarsson fyrir aðalvarðstjórnann og gefur eftirfarandi skýrslu:

„Ég var að leika mér þarna með öðrum strák, sem heitir Jón Pröstur, og einum, sem heitir Gissur. Ég var á Auðbrekkunni, en Jón Pröstur var hinum megin við grunninn, og ætlaði ég að fara yfir til hans. Ég var með spýtu, sem ég hafði fyrir hest, og fór yfir grunninn. Þá rak ég annan fótinn í borð, sem var þarna, og datt á hnén, og ég held, að ég hafi komið niður með hendurnar, en ég datt ekki flatur. Ég stóð strax upp og gekk til manna, sem voru þarna rétt hjá. Ég fór með þeim inn í verksmiðju, þar sem þeir voru að vinna. Þeir hringdu strax í sjúkrabíl og hlyntu að mér, meðan beðið var eftir bílnum. Mamma kom þarna til mín, því Jón Pröstur sótti hana. Fylgdi hún mér á slysavarðstofuna og síðan upp á spítala.

Ég gat ekki áttað mig á, hvað það var, sem fór upp í augað á mér, en þegar ég kom aftur heim, gat ég áttað mig á staðnum, þar sem ég datt. Í dag sýndi ég lögreglumanni, sem kom heim, staðinn, en þá var búið að færa til eitthvað af timbrinu.“

Hinn 24. febrúar 1966 kemur stefndi Einar Hallmundsson fyrir sakadóm Kópavogs. Í skýrslu hans segir svo:

„Mættur kveðst aðspurður vera eigandi að húsgrunni að Auðbrekku 41 ásamt Rúnari Guðmundssyni, Grænuhlíð 19, Reykja-

vík, en jafnframt sé hann trésmíðameistari við bygginguna. Mættur kveður vera búíð að steypa upp sökkulveggi og fylla grunninn slétt upp með rauðamöl, en hins vegar sé ekki búíð að steypa plötu. Í grunninum kveður mætti vera tvö bílhlöss af timbri, sem lá þarna óstaflað. Mættum eru sýndar ljósmyndir af vettvangi slyss þess, er hér um ræðir. Kveður hann vegg þann, er umræddur teinn gengur upp úr, vera sökkulvegg við lyftugryfju og sé sú gryfja full af timbri. Mættur kveður mjög örðugt yfirferðar yfir allan grunninn vegna timburs. Hann kveður fyllt alveg að grunninum þannig, að ekki sé erfitt að komast að honum. Hins vegar telur hann, að enginn myndi stytta sér leið yfir þennan grunn. Mættur telur, að teinn sá, er talið er, að drengurinn hafi fallið á, hafi verið beygður í núverandi stöðu af börnum. Mættur kveður enga hindrun hafa verið byggða í kringum húsgrunn þennan, enda sé illmögulegt að koma upp heldri hindrun í kringum slíkan húsgrunn. Ekki kveðst mættur hafa orðið var við, að börn væru að leik í grunninum. Hann kveður sig og hinn eigandann hafa litið þangað öðru hverju, en þó ekki reglulega.

Mætti kveður ástand grunnsins hafa verið eins og það er nú frá því s.l. haust, en þeir hafi orðið að hverfa frá því ráði að steypa plötuna vegna frosta.

Mættur telur aðspurður, að frágangurinn á steyputeinunum í umræddum húsgrunni sé venjulegur, enda eigi þessir teinar að ganga upp í vegg, sem komi ofan á, og geti það verið eyðilegging að beygja þá niður.“

Verða nú raktir í aðalatriðum framburðir aðilja og vitna hér fyrir dóminum:

Guðjón Ásberg Jónsson varðstjóri kemur fyrir bæjarþingið 28. maí 1969.

Hann kveðst staðfesta frumskýrslu sína um slysið sem rétta í alla staði eftir beztu þekkingu og samvizku.

Aðspurður kveðst hann hafa gert skýrsluna eftir eigin athugunum, sem færðar voru í minnisbók á staðnum, og hafi hann vélritað hana og undirritað einum eða tveimur dögum eftir slysið, að hann bezt minnir.

Vitnið kveður, að samkvæmt ákvæðum í byggingarsamþykkt Kópavogs sé sú skylda lögð á húsbyggjendur að hindra umferð um byggingarsvæði, ef slík umferð telzt hættuleg. Fylgist lögreglan með því eftir atvikum, að þessu ákvæði sé framfylgt. Aðspurt kveðst vitnið ekki vita til þess, að af lögreglunnar hálfu hafi stefndu verið bent á, að hætta stafaði af húsgrunni þeirra og þar vantaði

viðvörunarmerki eða umferðartálmanir, enda hafi ekki verið augljóst af götunni, að þarna væri um byggingarframkvæmdir að ræða.

Vitnið kveðst álíta, að hefði lögreglu verið kunnar aðstæður þarna í húsgrunninum, hefði húsbyggjendum skilyrðislaust verið bent á að bæta þar um með því að beygja niður járnútana, sem upp úr stóðu. Vitnið kveðst álíta, að ekki hefði komið að nokkru gagni til að bægja frá umferð, þótt sett hefðu verið upp viðvörunarskilti á staðnum, enda væri slíkt aldrei gert, að það bezt veit.

Vitnið kveður, að þar sem í lögregluskýrslu sinni sé talað um blóðbletti á umbúðakrossvið, sé um að ræða athugun á vettvangi daginn eftir slysið. Hafi þessi krossviður bersýnilega fokið þarna niður einhvers staðar að og hafði líklega legið þarna lengi. Það kveður enga rannsókn hafa farið fram um það, hvort umræddir blettir væru blóðblettir, heldur væri það álit sitt og þeirra, sem þarna fjölluðu um, að svo hefði verið.

Vitnið kveður, að vettvangsskoðunin hafi m. a. beinzt að því að finna hugsanlegan slysstað og það, sem hefði valdið áverkanum á auga drengsins. Eftir sérstaka athugun á þessu hefði ekkert annað fundizt en nefndur teinn, sem hugsanlega gat hafa valdið þessum áverka, að álitni vitnisins.

Magnús Emilsson lögreglumaður kemur sama dag fyrir bæjarþingið sem vitni.

Hann kveðst hafa farið á slysstaðinn ásamt Guðjóni Ásberg Jónssyni varðstjóra til þess að gera athuganir og vettvangsskoðun. Hann kveður, að tveir drengir hafi bent þeim lögreglumönnum á stað í grunninum nr. 41, sem drengurinn hefði legið á. Eftir töluverðar athuganir á vettvangi hafi ekkert fundizt, sem hugsanlega gat hafa valdið þessum áverka á auga drengsins, að álitni vitnisins, nema steypustyrktarteinn, sem var rétt hjá þeim stað, sem drengirnir bentu á, en á þessum teini var einhver storkinn vökvi, sem vitnið áleit, að gæti verið blóð.

Vitnið telur, að hefði komið fram kvörtun um búnað í húsgrunni þessum, hefði lögreglan vafalaust hlutazt til um aðgerðir af hálfu húsbyggjenda í öryggisskyni, en tæplega annars.

Ásmundur Guðmundsson varðstjóri kemur fyrir bæjarþingið sem vitni 4. júní 1969.

Hann kvaðst hafa tekið ljósmyndir þær, sem fram hafi verið lagðar í málinu, og unnið þær að öllu leyti. Hefðu myndirnar verið teknar á vettvangi um eða innan við klukkustund eftir slysið.

Hann kveðst hafa farið á slysstaðinn með lögreglumönnum Guðjóni Ásberg Jónssyni og Magnúsi Emilssyni, sem höfðu þá

rétt áður gert frumrannsókn á tildrögum slyssins, m. a. með því að spyrja vitni þau, sem til hafði náðst, en þau voru farin af staðnum, er vitnið kom þangað. Eftir upplýsingum lögreglumanna tveggja hóf hann ásamt þeim sérstaka athugun á þeim stað, sem vitnin höfðu bent á sem slysstað. Beindist athugun sérstaklega að steyputeinum, sem stóðu upp úr hinum steypu veggjum grunnsins, og þá einkum að einum teinanna, en á honum var frosinn dropi af einhverjum vökva, en á öðrum teinum voru engin merki, sem hugsanlega stóðu í sambandi við slysið. Vitnið kveður, að þessi umræddi teinn hafi síðan verið sagaður af og fluttur upp á lögreglustöð og daginn eftir hafi Guðmundur Erlendsson, rannsóknarlögreglumaður í Reykjavík, með prófun athugað, hvort dropinn á teininum væri blóðdropi, en sú prófun hafi leitt í ljós, að svo var ekki.

Vitnið kveður, að rétt við hinn umrædda tein hafi verið umrót í mölinni og mótaborð, sem lá meðfram teininum, og undir honum var eins og strokið á bletti, þ. e. eins og þurrkast hefði af því rykið. Þá var rétt hjá þessum stað prik það, sem sagt var, að hinn slasaði drengur hefði verið að leika sér með, en prik þetta kveður vitnið vera á annan metra á lengd og vafið með tusku, sem myndaði dálítinn hnút við endann.

Gunnar Geirmundsson húsgagnasmiður kom fyrir dóminn sem vitni.

Hann kveðst hafa verið við vinnu sína þennan umrædda dag að Auðbrekku 39 ásamt Hilmarí Haraldssyni. Þeir heyrðu barnsgrát að utan og fóru út að hyggja að því, og fór Hilmar út á undan. Þegar út kom, kvaðst vitnið hafa séð ungan dreng, u. þ. b. 10—12 ára gamlan, og blæddi úr öðru auga hans. Drengurinn var uppi-standandi og rétt utan við húsgrunninn nr. 41, er vitnið fyrst sá hann. Hann kveðst hafa álitnið, að drengurinn hefði hlotið þessi meiðsli í grunninum nr. 41. Vitnið kvaðst hafa ásamt félagá sínum spurt börn, sem þarna voru nærstödd, um það, hvernig slysið hefði viljað til, og fengu þeir þau svör, að drengurinn hefði slasast á steyputeini í húsgrunninum nr. 41. Hann kvaðst ekki muna, hvort drengurinn sjálfur var um þetta spurður eða hvort hann tjáði sig nokkuð um þetta atriði.

Hilmar Haraldsson húsgagnasmiður kemur þennan sama dag fyrir dóminn sem vitni.

Hann kveðst hafa verið við vinnu sína að Auðbrekku 39 ásamt Gunnari Geirmundssyni daginn, sem slysið skeði. Kveðst hann hafa gengið út og varð þá var við einhver hljóð, sem komu úr

húsgrunninum nr. 41 við hliðina. Hann kveðst hafa spurt börn, sem þarna voru, hvað komið hefði fyrir þarna, og fékk þau svör, að strákur hefði týnt auganu og væri að leita að því. Hann fór inn á verkstæðið og kallaði á féлага sinn og fór síðan rakleitt að huga nánar að þessu. Þá strax kveðst hann hafa séð í hinn slasaða dreng, sem var að reyna að komast upp úr grunninum nr. 41, og hjálpaði vitnið honum upp úr og sá þá, að hann var blóðugur í framan. Þeir Gunnar fóru með drenginn inn á verkstæðið og hringdu á sjúkrabíl.

Aðspurt kveðst vitnið geta fullyrt, að drengurinn hafi verið inni í grunninum nr. 41, þ. e. innan hinna steypstu sökkla, þegar það fyrst heyrði í honum, en þegar það kom að drengnum, var hann kominn út fyrir sökkllana og yfir timburstafla og upp á moldarbakka í grunninum.

Ómar Ragnarsson kemur fyrir dóminn 11. maí 1971.

Hann kveður aðspurður, að fyrst í stað eftir slysið hafi hann ekki getað áttað sig á því, hvað það var, sem fór í auga hans, þegar hann datt í grunninum. Síðar hafi þetta skýrzt fyrir sér, þannig að hann hefði orðið fullviss um, hvernig slysið bar að. Hafi hann hrasað um spýtu eða borð og dottið á steypustyrktartein, sem stóð upp úr grunninum. Lenti hann með hægra augað á þessum járnteini með þeim afleiðingum, að augað skaddaðist svo, að taka varð það í burtu. Hann kveðst hafa komið Auðbrekkumegin að og ætlað yfir grunninn til féлага síns, Jóns Þrastar, sem var hinum megin við uppi á moldarbarði. Hafi hann verið kominn u. þ. b. hálf leið yfrum, þegar hann hrasaði og datt. Hann telur slysstaðinn vera nálægt miðju grunnsins, þó frekar nær húsinu nr. 39. Hann kannast við prikið, sem hann var að leika sér með á myndum, sem honum eru sýndar. Enda priksins kveður hann hafa verið vafinn með tusku og eða bandi, en prikið notaði hann sem reiðhest og hélt um vafða endann. Hann kveðst aðspurður vera algerlega viss, að áverkann hafi hann alls ekki hlotið af völdum priksins, heldur af því að detta á umræddan steypustyrktartein.

Hann kveðst, eins og áður greinir, hafa farið inn í grunninn Auðbrekkumegin og hafi hann komið hindrunarlaust inn í hann án þess að þurfa að klifra, þar sem jarðvegurinn eða mól við vegg grunsins hafi staðið nokkurn veginn jafnhátt. Ekki hafi hann þurft að fara yfir timburstafla, þegar hann fór þarna inn. Hann kveðst ekki muna, hvort hann hafi áður farið út í þennan grunn, og ekki muna til þess, hvort hann hafi veitt athygli steypustyrktarteinum eða vitað um þá.

Hinn 19. maí 1971 koma stefndu fyrir dóminn.

Í sameiginlegri aðiljaskýrslu þeirra, sem þeir hafa staðfest, segir m. a.

„Í febrúarmánuði 1966 áttum við hús í smíðum við Auðbrekku 41 í Kópavogi.

Hinn 5. febrúar var byggingu svo komið, að grunnur hafði verið tekinn, sökklar steiptir og grunnur fylltur með rauðamöl jafnhátt sökklum. Umhverfis grunninn hafði jarðvegi verið ýtt og jafnað að grunninum, en að öðru leyti skal þetta tekið fram:

Suðurhliðin snýr að Löngubrekku. Utan við sökkulveggina, fast við steyputeina, var staflað allmiklu magni af mótatimbri, sem í sjálfu sér hindraði aðgang inn á grunninn, en auk þess var utan við timburstaflann brattur moldarbakki 3—4 metrar upp, en ofan við hann allmikill moldarbingur, sem var uppgröftur úr grunninum. Má segja, að svo til óhugsandi hafi verið, að nokkur legði leið sína þar yfir.

Við austurhlið grunnsins var búið að steypa upp tvær hæðir af húsi, sem okkar hús átti að steypast upp að. Norðurhliðin sneri að Auðbrekku. Hún var dálítið hærri en gatan, og var búið að fylla að sökkulveggjum. Þar hefði að öðru jöfnu verið greiður aðgangur inn á grunninn, en á þessum tíma, eða 5. febrúar, voru þar tvö bílhöls af órökkuðu mótatimbri, sem hrúgað hafði verið upp inn á grunninn og var því hindraður aðgangur að sjálfum grunninum frá þeirri hlið, nema með því að klöngrast yfir timburhúguna.

Að vestanverðu var hins vegar uppgrafinn grunnur, en til þess að komast upp á húsgrunn okkar frá þeirri hlið þurfti að klifra upp á sökkulvegginn, sem var um það bil tveir metrar á hæð næst Auðbrekku, en hækkaði síðan vegna halla á klöppinni, þegar sunnar dró í grunninum. Í suðvestur horninu var veggurinn um það bil meter á hæð, en þar var timburstaflur upp á veggnum, sem torvelaði leið inn á grunninn.“

Stefnandi gerir þá grein fyrir dómkröfum sínum að vísa til þess, að upplýst sé og sannað, að seinni hluta dags hinn 5. febrúar 1966 hafi sonur sinn, Ómar Ragnarsson, á 10. aldursári verið að barnaleik og starfi ásamt fleiri börnum úr nágrenninu rétt hjá heimili sínu. Dimmt var og skuggsýnt orðið. Fóru börnin m. a. inn í húsgrunninn nr. 41 við Auðbrekku, en þar áttu stefndu verksmiðjuhús í byggingu. Steypustyrktarjárn stóðu upp úr sökkulveggjum, og voru þau óvarin, og ekki höfðu þau heldur verið beygð út af

eða niður eða aðrar ráðstafanir gerðar til að minnka hættu af þeim fyrir þá, er nálægt kæmu.

Engar hindranir voru við húsgrunn þennan til að varna börnum eða öðrum að komast í eða fara yfir grunninn eða leika sér í honum.

Þarna féll Ómar á steypustyrktarjárntein með þeim afleiðingum, að hægra auga hans sprakk, og varð að nema það burtu. Síðar var sett gerfíauga í drenginn, og skipta verður um það síðar og setja stærra gerfíauga eftir því sem drengurinn stækkar.

Eðlilegt og venjulegt teljist vera, að börn séu að leik og starfi í nágrenni heimila sinna, og beri því þeim, sem hafa með höndum einhvers konar framkvæmdir, hvort sem eru byggingarframkvæmdir eða annars konar, að ganga þannig frá þeim, að ekki séu þær hættulegar neinum, hvorki þeim, sem við þær starfa né þeim, sem þar kynnu að koma.

Stefnandi telur það sannað, að eigi hafi verið tryggilega gengið frá húsgrunni þessum, og beri því eigendur hans og byggingameistari, sem í þessu tilviki var annar eigandinn, Einar Hallmundsson, fébótaábyrgð á tjóni því, sem af slysi þessu hlaut. Telja verði, að engu síður hafi verið nauðsyn að ganga tryggilega frá byggingarframkvæmdum þarna með umferðarhindrun inn í grunninn og ráðstöfunum til að gera steypustyrktarteinana hættuminni, t. d. með því að beygja þá út af, en að láta ekki gryfjur, sem vatn safnast í, standa óvarðar, unz í þær er steipt eða þær fylltar upp. Þeim mun fremur hafi ráðstafana verið þörf í öryggisskyni, þar sem framkvæmdir höfðu lengi legið niðri.

Upplýst sé með framburði Ómars Ragnarssonar sjálfs, að hann hlaut áverkann á augað í húsgrunni stefndu, með því að hann hrasaði og datt á steypustyrktartein. Þetta sé stutt framburði vitnanna Gunnars Geirmundssonar og Hilmars Haraldssonar og leikfélaga hans Gissurar Þórs og Jóns Þrastar. Telja verði, að þetta sé ótvírætt í ljós leitt, þannig að jafnist á við fullkomna sönnun.

Hina einstöku liði kröfugerðar sinnar rökstyður stefnandi á þann veg, að varðandi lið nr. 1 vísar hann til útreikninga Guðjóns Hansens tryggingafræðings í framlögðum skjölum. Í sambandi við ákvörðun bóta bendir hann á hina sífelldu verðbólgu hér á landi, sem ekkert lát virðist á, og því séu bætur reiknaðar út samkvæmt tekjum, þegar útreikningurinn fór fram, mjög lágar, þegar fram í sæki, séu bæturnar ávaxtaðar í banka, eins og ráð sé fyrir gert.

Varðandi kröfulið nr. 2 bendir stefnandi á þær þjáningar, sem

slysinu hljóta að hafa verið samfara. Þyngst á metunum verði þá auðvitað óþægindin um alla framtíð, að hafa ekki nema eitt auga, svo og sá ótti, er fyrir hendi hljóti að vera við að missa hitt augað og verða alblindur. Þá séu og mikil lýti af því að hafa gerviauga.

Um liði nr. 3 og 4 skírskotar stefnandi til framlagðra reikninga.

Stefndu styðja kröfu sína um sýknu þeim rökum, að ósannað sé með öllu, á hvern hátt slysið raunverulega hafi að höndum borið, og í málinu sé ekkert það fram komið, nema síður sé, er styðji staðhæfingar stefnanda eða veiti sönnun fyrir því, að Ómar Ragnarsson hafi slasast við að falla á steypustyrktarjárn, sem stóð upp úr sökkli byggingar þeirra.

Ekkert hafi fram komið í málinu, sem bendi til þess, að umbúnaður eða frágangur í sambandi við byggingarframkvæmdirnar við húsið nr. 41 við Auðbrekku hafi verið óforsvaranlegur eða óeðlilegur eða að nokkru frábrugðinn því, sem almennt gerist í sambandi við slíkar framkvæmdir.

Allmiklar líkur bendi til þess, að slysið hafi ekki orðið í sjálfum húsgrunninum, heldur skammt frá honum, enda verði ekki séð af rannsókninni, að nein merki hafi verið sjáanleg um það í húsgrunninum eða í næsta nágrenni, að drengurinn hafi þar hlotið þá áverka, sem hann hlaut.

Jafnvel þótt talið yrði, að drengurinn hefði slasast í húsgrunninum eða við hann, verði sök af því fráleitt lögð á stefndu, enda hafi rannsókn í málinu eigi sýnt, að þeir hafi á nokkurn hátt hagað sér á saknæman máta. Teljist vera um nokkra sök að ræða, sé hún hjá drengnum sjálfum eða foreldrum hans sakir eftirlitsskorts við útivist hans og leik, eftir að myrkur var skolið á.

Stefndu benda á, að engir beinir sjónarvottar hafi verið að slysinu, en tveir drengir, sjö og átta ára, hafi verið nærstaddir, og sýnist vera heldur óvarlegt að treysta um of á framburði þeirra. Stefndu telja, að órökstuddar ályktanir lögreglumanna í upphafi hafi leitt til þess, að þeir beindu rannsókn sinni fyrst og fremst að ákveðnum teini í húsgrunni þeirra, og þetta hafi komið í veg fyrir, að rannsóknin yrði nógu víðtæk og hlutlæg. Drengirnir tveir, Jón Þröstur og Gissur Þór, virðast ekki hafa séð, hvernig slysið raunverulega bar að, og drengurinn sjálfur virðist ekki heldur hafa átt að sig á því til fulls. Því sé það í fyllsta máta hæpið, að unnt sé að taka mark á ábendingum drengjanna um slysstaðinn, eftir að þeir hafi lýst yfir, að þeir hafi ekki séð, þegar slysið varð.

Stefndu mótmæla sem röngu, sem staðhæft sé í skýrslu Guð-

jóns Ásbergs Jónssonar varðstjóra, að ekki hafi verið til staðar neins konar hindranir eða merkingar, sem hefðu gefið til kynna, að umferð væri hættuleg yfir húsgrunninn. Þeir telja, að framlagðar ljósmyndir af vettvangi styðji þessi mótmæli að nokkru og vísa til aðiljaskýrslu sinnar til frekari rökstuðnings.

Stefndu mótmæla bótakröfu stefnanda í heild sem of hárrí, einkum 2. tölulið. Varðandi kröfulið nr. 1 telja þeir, að ekki sé þar tekið tillit til eingreiðslu og skattfríðinda. Þá hefur því verið mótmælt efnislega, að stefnandi hefur hækkað kröfugerð sína frá því, sem í stefnu greinir, á grundvelli nýrra örorkutjónsútreikninga. Sé ekki réttmætt, að hann hagnist á því, að rekstur málsins hafi dregist.

Þegar öll gögn að því lútandi eru virt, er það álit réttarins, að telja megi það sannað, að Ómar Ragnarsson hafi hlotið áverkann á augað í húsgrunni stefndu og á þeim stað, sem bent var á og stefnandi heldur fram. Allt það, sem upplýst er í þessu sambandi, bendir mjög eindregið til, að hann hafi lent á margnefndum steypustyrktarteini eða á öðrum slíkum, þegar hann hrasaði og datt, en ekkert það fram komið í málinu, sem teljist hnekkja því eða geri það ósennilegt. Líkurnar eru svo sterkar, að eðlilegt þykir að leggja þetta til grundvallar dómsúrlausn.

Þessi frásögn drengsins hér fyrir dóminum þess efnis, að hann hafi auðveldlega og hindrunarlaust komizt inn í grunninn, hefur eigi verið hnekk.

Það er óumdeilt í málinu, að framkvæmdir stefndu við grunninn stöðvuðust um haustið 1965, og ekki var fyrirsjáanlegt, að þær gætu hafizt aftur fyrr en um vorið, þegar frost væri farið úr jörðu. Þar sem svo stóðu sakir, þykir verða að meta það stefndu til vangæzlu, að ekki voru settar neinar virkar tálmanir við inn-göngu í grunninn Auðbrekkumegin.

Það mátti hverjum vera ljóst, að hætta stafaði af steypustyrktarteinum, sem stóðu upp úr sökkulveggjunum, einkum fyrir börn, en alkunna er, að þau sækja mikið á slíka staði í leikjum sínum, og erfitt er að fyrirbyggja, svo tryggt sé, þótt tálmanir séu og hindranir, að þau komizt inn í slíka húsgrunna, sérstaklega drengir. Stefndu gerðu engar ráðstafanir til að bægja frá eða draga úr þessari hættu, t. d. með því að beygja teinana út af eða hlaða timbri að þeim. Verður að telja þessa yfirsjón svo afdrifaríka, að bótaábyrgð varði stefndu á hendur vegna slyssins á Ómari Ragnarssyni.

Á hitt ber að líta, að eftir því sem upplýst er, má telja, að

rekja megi slysið að miklu leyti til óhappatilviljunar. Drengurinn er á leið yfir grunninn með prik milli fóta sér, sem hann heldur um með höndunum. Verður að ætla, að það sé honum til trafala við að bera hendurnar fyrir sig, þegar hann rekst á eitt-hvað og fellur. Þá þykir eigi vera hægt að útiloka þann möguleika, að prikið hafi beint eða óbeint átt þátt í því, að hann hrasaði og datt, þótt eigi verði neitt um það fullyrt.

Telja verður einnig, að Ómar Ragnarsson hafi eigi sýnt þá gætni og varkárni, sem búast má við af dreng á hans reki, þegar hann ákvað að stytta sér leið yfir grunninn til félaga sinna, eins og þar var umhorfs og myrkur skollið á.

Að þessu athuguðu þykir rétt að dæma stefndu til að bæta helming þess tjóns, sem Ómar Ragnarsson varð fyrir, en hinn hlutann verði drengurinn að bera óbættan.

Verða nú einstakir liðir í kröfugerð stefnanda athugaðir, en sundurliðunin er á þessa leið:

1. Beint atvinnutap samkvæmt útreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings eftir framlögðum skjölum	kr. 922.303.00
2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lýti	— 150.000.00
3. Kostnaður við mat á örorku og örorkutjóni og læknisvottorð	— 9.650.00
4. Gerfíauga samkvæmt reikningi	— 2.700.00

Samtals kr. 1.084.653.00

Um lið 1. Fram er lagt í málinu örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, dags. 11. október 1966, sem hljóðar svo:

„Samkvæmt vottorði Guðmundar Björnssonar, augnlæknis, frá 22. apríl 1966 þá varð drengur þessi fyrir augnslysi 5. febrúar 1966.

Vottorð Guðmundar Björnssonar er svohljóðandi:

„Ómar Ragnarsson f. 3. 1. 1957, Löngubrekku 39, Kópavogi, varð fyrir augnslysi 5. febrúar 1966. Undirritaður sá Ómar skömmu eftir slysið og lagði hann þegar inn á sjúkrahús Hvítabandsins til aðgerðar.

Skoðun leiddi í ljós, að hægra auga var sprungið og mest allt innihald augans runnið út gegnum þversprungu á glæru (cornea), sem og náði gegnum hringvöðvann aftur í hvítu himnu augans. Var mér tjáð, að hann hefði dottið á járntein.

Þar sem ekki var unnt að bjarga auganu, var augað tekið (evisceratio O.D.). Var hann útskrifaður af sjúkrahúsinu þann 14. febrúar s. m.

Hefur hann notað gerviauga síðan. Sjón á vinstra auga er normal (6/6).“

Drengurinn kom til viðtals hjá undirrituðum 11/10 1966. Hann er í fylgd móður sinnar, og skýrðu þau þannig frá tildrögum slyssins, að drengurinn hefði verið að leik í verksmiðjubyggingu, þar sem steypujárnsteinar hefðu staðið upp úr steypu, og hefði hann dottið og teinn stungizt í hægri auga. Að öðru leyti skýra þau frá slysi og meðferð eins og lýst er í vottorði Guðmundar Björnssonar.

Aðalkvartanir nú eru rennsli úr auga, en engir verkir. Móðir kvartar um, að erfitt hafi reynzt að fá gerviauga, og telur sennilegt, að þau þurfi að fara til útlanda með drenginn til að fá not hæft auga.

Ályktun: Hér er um að ræða 9 ára gamlan dreng, sem slasast fyrir 9 mánuðum, fékk járntein í hægri auga með þeim afleiðingum, að augað skemmdist, svo að það varð að taka það.

Vegna þessa slyss þá hefur drengurinn hlotið varanlega örorku, og telst hún hæfilega metin 25%.“

Á grundvelli örorkumatsins hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út verðmæti tapaðra vinnutekna Ómars Ragnarssonar á slysdegi, og hefur stefnandi lagt fram þessi gögn í málinu.

Upphaflegur útreikningur er gerður 5. apríl 1967. Er þar annars vegar miðað við tekjur verkamanna, en hins vegar við tekjur iðnaðarmanna. Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951—1960. Þar segir m. a. svo:

„A. Tekjur verkamanna.

Á grundvelli úrtaksrannsóknar Efnahagsstofnunarinnar á vinnutekjum kvænta verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattframtölum fyrir starfsárin 1956—1965 hef ég reiknað meðaltekjur á núverandi kauplagi. Þegar tillit er tekið til breytinga, sem orðið hafa á almennum kauptaxta Dagsbrúnar í Reykjavík, reiknast mér meðalvinnutekjur verkamanna þessi 10 ár vera kr. 165.791.00 miðaðar við núverandi kauplag. Samkvæmt venju reikna ég ekki með neinum tekjum fram til 13 ára aldurs, en eftir það með eftirfar-

andi hundraðshlutum ofangreindra árstekna fullorðinna verkamanna.

Á 14. ári	5%
„ 15. „	10%
„ 16. „	25%
„ 17. „	75%
„ 18. „	80%
„ 19. „	85%
„ 20. „	90%
„ 21. „	95%
Eftir það	100%

Miðað við þann tekjugrundvöll, sem hér hefur verið lýst, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 348.258.00.

B. Tekjur iðnaðarmanna.

Sé stuðzt við upplýsingar Efnahagsstofnunarinnar um vinnutekjur kvænta iðnaðarmanna í Reykjavík á sama hátt og gert er hér að framan um vinnutekjur verkamanna (umreikningur með tilliti til breytinga á kauplagi miðaður við taxta járniðnaðarmanna), reiknast mér meðalárstekjur iðnaðarmanna á núverandi kauplagi nema kr. 190.511.00.

Ef reiknað er með sömu árstekjum og í A-lið hér að framan til 17 ára aldurs, í næstu fjögur ár þar á eftir tekjum í samræmi við lágmarkskaup iðnnema (30% af ofangreindum árstekjum iðnaðarmanna á 1. námsári, 40% á 2. námsári, 50% á 3. námsári og 60% á 4. námsári), en eftir það fullum árstekjum sem að ofan greinir, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 354.216.00.“

Pennan útreikning endurskoðar tryggingafræðingurinn 12. janúar 1968. Eru niðurstöður hans þar miðað við tekjur verkamanna kr. 378.088.00 og miðað við tekjur iðnaðarmanna kr. 386.431.00.

Þessir útreikningar eru svo aftur endurskoðaðir 3. september 1970, og eru þá niðurstöður kr. 666.456.00 og kr. 663.623.00, og enn eru útreikningarnir endurskoðaðir af Guðjóni Hansen hinn 17. janúar 1972 að beiðni lögmanns stefnanda, og segir þar á þessa leið:

„Með útreikningi, dags. 3. september 1970, endurskoðaði ég útreikning minn frá 5. apríl 1967 í máli Ómars Ragnarssonar, Löngubrekku 39, Kópavogi, vegna slyss þess, er hann varð fyrir 5. febrú-

ar 1966. Að beiðni yðar, herra hæstaréttarlögmaður, hef ég nú endurskoðað útreikninginn enn á ný með hliðsjón af kjarabreytingum, sem átt hafa sér stað, og nýjum upplýsingum, er fram hafa komið síðan í september 1970. Er í fyrsta lagi tekið tillit til hækkunar verðlagsuppbóta á laun 1. ágúst, 1. september og 1. des. 1971. Í öðru lagi er reiknað með þeirri grunnkaupshækkun, sem tók gildi 1. desember 1971, ásamt hækkunum, sem um hefur verið samið frá 1. júní 1972 og 1. marz 1973 að telja. Í þriðja lagi eru áætluð þau áhrif, sem vænta má, að stytting vinnuvikunnar 1. janúar 1972 hafi á árstekjur, og í fjórða lagi eru nú tiltækar upplýsingar um vinnutekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík árið 1970 (tölur Efnahagsstofnunarinnar), og er því nú frá 1. janúar 1971 að telja stuðzt við tekjuupplýsingar frá árunum 1961—1970.

Með hliðsjón af framanrituðu reikna ég árlegar vinnutekjur fullorðinna verkamanna nú sem hér segir:

Árið 1970	kr. 309.711.00
1/1 —31/7 1971	— 325.902.00
1/8 —31/8 1971	— 332.282.00
1/9 —30/11 1971	— 335.222.00
1/12—31/12 1971	— 366.025.00
1/1 —31/5 — 1972	— 402.628.00
1/6 1972—28/2 1973	— 418.113.00
Eftir þann tíma	— 441.343.00

Tekið skal fram, að grunnhækkun 1. desember 1971 hefur hér verið áætluð 8% að meðaltali, og tel ég þá áætlun hljóta að vera mjög nærri réttu lagi. Meiri óvissa er um hækkun árstekna vegna styttingar vinnuvikunnar 1. þ. m., en þá hækkun hef ég áætlað 10% og miða þá við, að um verði að ræða nokkra raunverulega vinnutímastyttingu og nokkra fjölgun yfirvinnustunda.

Miðað við framangreindar vinnutekjur fullorðinna verkamanna og lækkun teknanna á unglingsárunum á sama hátt og í fyrri útreikningum reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna hækka um kr. 35.885.00 frá því, sem að ofan greinir.

Árlegar vinnutekjur iðnaðarmanna eftir 1. marz 1973 áætla ég kr. 470.850.00. Með sömu reikningsaðferð og við fyrri útreikninga reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nú nema kr. 876.335.00, þegar þessar tekjur iðnaðarmanna eru lagðar til grundvallar. Ástæðan til þess, að niðurstaða er iðnaðarmönnum

meira í óhag nú en áður, er sú, að með samningum í síðastliðnum mánuði eru verkamenn taldir hafa fengið meiri kjarabætur en iðnaðarmenn.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreikninga.“

Að framan er getið málsraka aðilja varðandi þennan kröfulið. Þegar þau atriði eru virt í heild, þykir verða að taka tillit til hagræðisins af eingreiðslu bóta og þess, að þær eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari. Með tilvísun til þess teljast bætur hæfilega ákveðnar kr. 650.000.00 samkvæmt þessum lið.

Um lið 2. Hér að ofan hefur áverka þeim, sem Ómar Ragnarson hlaut, verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Þegar öll atvik eru virt og málsrök, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar á kr. 120.000.00.

Um liði nr. 3 og 4. Þessum kröfuliðum hefur eigi verið mót-mælt tölulega af stefndu. Stefndandi hefur lagt fram gögn til stuðnings þeim. Þykir rétt að taka kröfulið nr. 4 til greina að fullu, en kröfuliður nr. 3 verður hafður í huga við ákvörðun málskostnaðar, sbr. 5. tölulið 175. gr. laga nr. 85/1936.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndu verða in solidum dæmdir til að greiða stefnanda helminginn af kr. 650.000.00 + 120.000.00 + 2.700.00, þ. e. kr. 386.350.00 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1966 til greiðsludags.

Eftir þessum málslokum þykir rétt að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar.

Málskostnaður til handa stefnanda ákvarðast samtals kr. 64.650.00 og greiðist úr ríkissjóði, en af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hans, Árna Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 55.000.00 í talsmannslaun.

Stefndu greiði kr. 64.650.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Ólafur St. Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Einar Hallmundsson og Rúnar Guðmundsson, greiði in solidum stefnanda, Ragnari Jónatanssyni f. h. ófjárráða sonar síns, Ómars Ragnarssonar, kr. 386.350.00 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1966 til greiðsludags og kr. 64.650.00 í málskostnað, sem renni í ríkissjóð.

Málskostnaður til handa stefnanda, kr. 64.650.00, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri upphæð ber skipuðum talsmanni hans,

Árna Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 55.000.00 í talsmannslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. nóvember 1973.

Nr. 68/1972: **Ólöf Tómasdóttir**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Volter Antonssyni

f. h. A/S Bogforlaget Dana

(sjálfur).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson
og Björn Sveinbjörnsson.**

Ómerking. Frávísun. Áskorunarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 25. maí 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefst hún þess aðallega, að hin áfrýjaða dómsathöfn verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara krefst hún sýknu af kröfum stefnda. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu dómsathafnar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta hefur í héraði verið rekið sem áskorunarmál samkvæmt lögum nr. 49/1968.

Stefndi hér fyrir dómi höfðaði mál þetta með utanréttarstefnu 27. desember 1971, áritaðri af Hrafni Bragasyni borgardómara 29. s. m. um, að málið yrði þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur þriðjudaginn 11. janúar 1972. Voru stefnukröf-